



16. mars 2012

Sex milljarða rekstrarbati hjá Orkuveitunni

Rekstrarhagnaður (EBIT) Orkuveitu Reykjavíkur varð 6,4 milljörðum meiri árið 2011 en 2010 og tvöfaldaðist á milli ára. Launakostnaður dróst saman, annar rekstrarkostnaður sömuleiðis og tekjur jukust. Allir þættir aðgerðaáætlunar fyrirtækisins og eigenda þess, sem samþykkt var fyrir ári, hafa staðist og sumir gott betur.

Ársreikningur samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2011 var samþykktur af stjórn fyrirtækisins í dag. Hann er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS). Ársreikningurinn er í viðhengi.

Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar:

Um síðustu mánaðamót lauk gagngerrri uppstokkun á öllum rekstri Orkuveitunnar. Það hefur verið afar krefjandi verkefni og ekki sársaukalaust en starfsfólk hefur staðið sig með mikilli þryði. Við sjáum afrakstur þessarar miklu vinnu í uppgjörinu og ýmsir þættir eiga eftir að skila sér í bættri afkomu á næstunni. Það er líka afar mikilvægt. Skuldabyrðin er þung og sveiflur í ytri þáttum hafa mikil áhrif á fjármagnsliði uppgjörins. Álverð og gengi krónunnar skiluðu þannig 14 milljörðum tekjumegin 2010 en svipaðri fjárhæð gjaldamegin 2011.

Stjórn Orkuveitunnar hefur stigið mikilvæg skref til verja reksturinn fyrir sveiflum í vöxtum og álverði. Markviss áhættustefna og áhættuvarnarsamningar eru þar mikilvæg tæki þó höfuðatriði sé að reksturinn sjálfur sé í góðu horfi.


Rekstraryfirlit stjórnenda

Allar fjárhæðir eru í milljónum króna á verðlagi hvers árs.


Rekstur	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Rekstrartekjur	18.101	21.364	24.168	26.013	27.916	33.626
Rekstrarkostnaður	(9.551)	(11.449)	(12.517)	(13.042)	(13.964)	(12.391)
EBITDA	8.550	9.914	11.652	12.970	13.951	21.235
Afskriftir	(4.504)	(5.538)	(6.953)	(7.814)	(7.962)	(8.881)
Rekstrarhagnaður EBIT	4.046	4.376	4.699	5.157	5.989	12.354
Innleystar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(684)	(2.431)	(3.364)	(4.258)	(3.424)	(3.635)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	3.361	1.945	1.334	898	2.565	8.719
Óinnleystir fjármagnsliðir	(6.786)	6.365	(89.435)	(4.812)	14.201	(16.027)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt skv. ársreikningi	(3.425)	8.310	(88.101)	(3.914)	16.766	(7.307)
Tekjuskattur	2.846	(1.794)	15.064	1.398	(3.037)	6.751
Afcoma ársins	(579)	6.516	(73.037)	(2.516)	13.729	(556)

Lækkun rekstrarkostnaðar


Sú uppstokkun, sem ráðist var í á rekstri Orkuveitunnar, hefur skilað verulega bættri rekstrarafkomu. Rekstrarkostnaður, án orkukaupa til endursölu, lækkaði um 1,7 milljarða króna milli árana 2010 og 2011, sem er 747 milljónum króna betri árangur en aðgerðaáætlun OR og eigenda gerði ráð fyrir. Starfsfólki Orkuveitunnar hefur fækkað mikið undanfarin misseri, eða um 200 frá því flest var árið 2008. Ýmis kostnaður tengdur mannhaldi hefur dregist saman að sama skapi.



Rekstrarkostnaður OR, án orkukaupa til endursölu, skv. ársreikningi 2000-2011 og áætlun 2012-2017. Fjárhæðir eru í milljónum króna **á verðlagi 2011**.



Fjöldi fastráðinna starfsmanna móðurfélags OR 2000 til febrúar 2012.



Fjöldi bíla OR 2008- febrúar 2012

Aðgerðaáætlun Orkuveitunnar og eigenda


Í mars 2011 samþykktu Orkuveitan og eigendur hennar þrjú áætlun um það hvernig ráðið yrði við þann vanda sem fyrirtækið stóð frammi fyrir. Hún nær til árana 2011 til og með 2016 og er meginmarkmið hennar að bæta sjóðstöðu fyrirtækisins um 50 milljarða króna samanlagt á árabílinu. Helstu þættir hennar eru þessir:

Aðgerð	Fjárhæð 2011-2016
Frestun fjárfestinga í veitukerfum	30 ma.kr.
Lækkun rekstrarkostnaðar	5 ma.kr.
Sala eigna	10 ma.kr.
Víkjandi lán frá eigendum	12 ma.kr.
Hækkun gjaldskrár	8 ma.kr.
Samtals	50 ma.kr.


Í tengslum við árschluta- og árslokauppgjör Orkuveitunnar sendir fyrirtækið frá sér yfirlit yfir framvindu áætlunarinnar. Samkvæmt framvinduskýrslunni sem birt er í dag eru allir þættir á áætlun. Verði svo áfram og standist forsendur áætlunarinnar um ytri þætti, mun Orkuveitunni takast að ráða við þær skuldir sem á fyrirtækinu hvíla.

Bætt afkoma reksturs undirstaða árangurs


Skuldir Orkuveitunnar eru verulegar og eiginfjárlutfall fyrirtækisins er of lágt. Batnandi afkoma reksturs og aðgerðir í samstarfi við eigendur gera fyrirtækinu kleift, ef áætlanir ganga eftir, að ráða við afborganir næstu ára. Þá má búast við að eiginfjárlutfallið fari að hækka á ný.




Heildarskuldir OR skv. ársreikningi 2000-2011 og áætlun 2012-2017. Milljarðar króna á verðlagi hvers árs.




Afborganir OR og EBITDA skv. ársreikningi 2000-2011 og áætlun 2012-2017. Milljarðar króna á verðlagi hvers árs.




Fjárfestingar OR skv. ársreikningi 2000-2011 og áætlun 2012-2017. Milljarðar króna á verðlagi hvers árs.



Eiginfjárlutfall OR skv. ársreikningi 2000-2011 og áætlun 2012-2017.



Skuldabekja OR, (Skuldir - vaxtaberandi eignir)/EBITDA, 2000-2011 skv. ársreikningi og áætlun 2012-2017.



EBITDA OR 2000-2011 skv. ársreikningi og áætlun 2012-2017. Milljarðar króna á verðlagi hvers árs.

Nánari upplýsingar:

Bjarni Bjarnason
forstjóri
517 7707

Viðhengi:

Ársreikningur samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur 2011
Framvinduskýrsla aðgerðaáætlunar OR og eigenda 2011